

Nd.

64. Frumvarp til laga

[62. mál]

um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

I. KAFLI

Markmið skólans.

1. gr.

Hlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í fiskiðnaði og útskrifa fiskvinnslu-fræðinga.

2. gr.

Að afloknu prófi hafa nemendur öðlast undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega, til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnu-hagræðingu, stjórn fiskvinnsluvéla og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaðinum.

3. gr.

Á vegum fiskiðnskólans skal starfsfólki í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins veitt almenn fræðsla með námsskeiðum eða á annan hátt um meðferð og vinnslu sjávarafurða.

II. KAFLI

Skipulagsatriði.

4. gr.

Skólinn skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra.

5. gr.

Ráðherra skipar 3 menn í skólanefnd til 4 ára í senn. Skal einn tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einn tilnefndur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

III. KAFLI

Skólatími, inntökuskilyrði, námsefni.

6. gr.

Skólatími skal vera 3 ár, bóklegt nám á tímabilinu 1. sept. til 31. marz fyrstu tvö árin, verklegt nám á tímabilinu 1. apríl til 31. júlí og auk þess að loknu námi 12 mánaða verleg þjálfun í þeirri grein eða greinum, sem nemandi vill sérhæfa sig í.

7. gr.

Umsækjendur séu fullra 17 ára og hafi gagnfræðapróf eða hliðstæða bóklega menntun. Skólastjóra skal þó heimilt að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum innan takmarka, sem skólanefnd setur.

8. gr.

Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera: Fiskvinnslufræði, sem nái yfir greinar fiskiðnaðarins og vélbúnað hans, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, gæða-effirlit og fiskmat, efnafræði og næringarfræði, gerlafræði og hreinlæti, fiskifræði og líffræði, eðlisfræði, stærðfræði, bókhald og skýrslugerðir, vinnuhagræðing, markaðsmál, framleiðslufræði og verkstjórn, og auk þess aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

9. gr.

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: Meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, vinnsla lýsis úr lifur, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, og auk þess aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

10. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett með reglugerð.

IV. KAFLI

Kostnaður.

11. gr.

Kostnaður við skólann skal greiddur úr ríkissjóði og fái nemendur ókeypis skólavist.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1971 og 1972 skulu á vegum skólans haldin námskeið, ef nægileg þátttaka fæst að dómi skólanefndar, fyrir starfandi verkstjórnarmenn í fiskiðnaðinum, þar sem þeim verði veitt aukin fræðsla í sambandi við starf þeirra í þeim greinum, sem skólanefnd telur nauðsynlegt. Námskeiðin skulu standa í þrjá mánuði á tímabilinu 15. sept. til 15. des. hvort ár.

Greinargerð.

Mikill áhugi er ríkjandi fyrir stofnun fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Hafa ýmsar stofnanir og einstaklingar þegar gefið allverulegt fé til kaupa á nauðsynlegum tækjum, áhöldum og greiðslu annars kostnaðar við að koma skólanum á fót. Er þessi áhugi Vestmanneyinga fyrir stofnun fiskiðnskóla þar eðlilegur. Vestmannaeyjar hafa um langan aldur, eins og kunnugt er, verið stærsta vélbátaútgerðarstöð landsins. Fiskiðnaður er þar meiri en í nokkurri einstakri útgerðarstöð annarri hér á landi. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Vestmannaeyjum nam árið 1969 920 milljónum króna og mun nú í ár verða nokkuð yfir einn milljarð króna. Sýnir þetta, að umsvif í fiskiðnaði eru þar mikil og áberandi meiri en í nokkurri verstöð annarri. Það er því eðlilegt, að Vestmanneyingar sæki það fast, að fyrsti fiskiðnskóli, sem stofnað verður til, verði þar staðsettur. Aðstæður allar eru þar fyrir hendi, að svo megi verða. Fiskvinnsla á sér þar stað samfellt allt árið, og munu fiskiðjuverin fá til úrvinnslu allar tegundir nytjafiska, sem til þekkist hér á landi. Fiskiðnaður er þar einnig mjög fjölbreyttur. Þar eru fimm hraðfrystihús, og eru fjögur þeirra í hópi hinna stærstu og bezt búnu hraðfrystihúsa hér á landi. Auk þess eru þar saltfiskverkunarstöðvar og þurrkhús fyrir saltfiskverkun, tvær stórar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, lifrarbræðsla, niðursuðuverksmiðja og síldarsöltunarstöðvar. Af þessu

má sjá, að þar er fyrir hendi aðstaða til framleiðslu allra tegunda sjávarafurða, sem Íslendingar framleiða til sölu á erlendum markaði.

Vestmanneyingar hafa alla tíð gert sér það ljóst, að aukin þekking og menntun í sambandi við fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn er höfuðnaðsyn. Þar er nú starfandi stýrimannaskóli, sem útskrifar skipstjórnarmenn með fullum réttindum til skipstjórnar á fiskiskipum af hvaða stærð sem er, og fer aðsókn að skólanum árlega vaxandi, og hafa ávallt verið þar við nám menn hvaðanæva af landinu. Einnig er þar starfandi vélaskóli, sem veitir full réttindi fyrsta og annars stigs vélstjóranámsins. Matsveinanámskeið hafa einnig verið haldin þar undanfarin tvö ár, og veita þau tiltekin réttindi lögum samkvæmt. Verður því að telja, að í Vestmannaeyjum sé þegar fyrir hendi aðstaða fyrir þá, sem vilja afla sér fullkominnar menntunar og réttinda í sambandi við fiskveiðarnar. Hins vegar er ekki nein aðstaða þar frekar en annars staðar fyrir þá, sem vilja afla sér aukinnar þekkingar og menntunar og einhverra réttinda í sambandi við fiskiðnaðinn, og telja Vestmanneyingar, að við svo húið megi ekki lengur una, og er áhugi þeirra á stofnun fiskiðnskóla þar af þeim rötum runninn. Og þegar fiskiðnskóla hefur einnig verið komið þar á fót, hefur mjög verið um það rætt að fella allar þær stofnanir, sem hér hefur verið rætt um, í eina heild, eina stofnun, að svo miklu leyti sem við verður komið, og yrði það án efa til fjárhagslegs sparnaðar í sambandi við aðstöðu og kennslu í bóklegum greinum. Er einnig rétt í þessu sambandi að geta þess, að forráðamenn fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum eru með í athugun að koma á fót fullkominni rannsóknastofu fyrir fiskiðnaðinn og mundi hún starfa í nánnum tengslum við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Reykjavík.

Sú skoðun hefur komið fram, að fyrsti fiskiðnskólinn, sem stofnað verður til, þurfi að vera staðsettur í Reykjavík eða þéttbýlinu við Faxaflóa. Flm. telur, að slíkt sé ekkert afgerandi, nema síður sé. Sú skoðun er mjög að ryðja sér til rúms á hinu háa Alþingi, að þær menntastofnanir, sem með eðlilegum hætti verður við komið, skuli frekar staðsettar úti á landsbyggðinni heldur en í höfuðstað landsins eða þéttbýlinu við Faxaflóa, og má segja, að það sé grundvallaratriði í sambandi við hugmyndina um jafnvægi í byggð landsins. Verður að telja, að meðal annars hafi Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum sannað, að þessi skoðun er rétt, þar sem aðsókn að þessum skóla hefur farið árlega vaxandi, ekki sízt af nemendum víðsvegar að af landinu. Og ef litið er á aðstöðu til stofnunar fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, þá er hún þar öll fyrir hendi. Mjög góð aðstaða til bóklegs náms mun vera til reiðu. Aðstaða til verklegs náms er þar einnig fyrir hendi í hvaða grein fiskiðnaðarins sem er, í þeim fyrirtækjum, sem þar eru starfandi samfellt allt árið. Fullnægjandi rannsóknastofu fyrir skólann verður komið þar á fót. Og einnig er þar aðstaða til heima- vistar fyrir þá aðila utan af landsbyggðinni, sem skólann vildu sækja.

Í öllum athugunum um stofnun fiskiðnskóla hér á landi hefur mjög verið stuðzt við upplýsingar, sem fengizt hafa um fiskiðnskólann í Vardö í Noregi. En skóli þessi er einmitt staðsettur á eyju norðarlega við Noreg, þar sem búa um 4 þús. manns, en á svæði, þar sem umsvif í fiskiðnaði eru einna mest og fjölbreyttust, og er ekki kunnugt um, að þetta hafi í nokkru háð þessum skóla. Mættu Íslendingar gjarnan feta í fótspor Norðmanna hvað þetta atriði snertir.